

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja út af þingsályktun um 18 leigumála á þjóðjörðum á Vestmannaeyjum. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 22. nóvbr. 14. jan. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað þingsályktun, sem samþykkt var á alþingi í sumar, og sem fer því fram, að landskuldir af jörðum landssjóðsins á Vestmannaeyjum verði frá fardögum 1887 greiddar eptir meðalverði í verðlagsskránni og með því álnatali, sem amtsráðið hefur samþykkt, og að leiga eptir þurrabúðir, sem eigi eru með torfpaki, verði frá sama tíma ákveðin 16 álnir eptir meðalverði verðlagsskrárinnar. Viðvíkjandi þessu hafið þjer skýrt frá, að landskuldinni á jörðum þeim, sem eldri bygging var á en frá fardögum 1880 hafi verið breytt, samkvæmt brjefi ráðgjafans fyrir Ísland 25. maí 1880, þannig að hún sje nú talin eptir verðlagsskrár-meðalalin í stað verðs verðlagsskrárinnar á harðfiski, og álnatal afgangssins reiknað með því að leggja saman afgang þau, er leiguliðar höfðu svarað hin síðustu fimm ár og síðan deila þeirri upphæð með meðaltali meðalálnar í verðlagsskránni hin umræddu 5 ár. En á þennan hátt sje leiguskilmálar ábúendanna á þjóðjörðum í Vestmannaeyjum orðnir harðla misjafnir, því þeir sem fengið hafi byggingu fyrir ábúðarjörðum sínum fyrir fardaga 1880, verði að greiða þriðjung (50%) hærrí landskuld en þeir, sem fengu jarðir í byggingu eptir greinda fardaga, og sem njóta byggingarskilmála samkvæmt tillögum amtsráðsins í því efni. Þar sem nú breyting sú, sem alþingi fer fram á, einungis miði til að koma jöfnuði á byggingarskilmálana á jörðum þessum, án þess að bíða eptir því, að jarðir þær, sem byggðar voru fyrir fardaga 1880, losni úr ábúð, þá hafið þjer lagt það til, að þingsályktun sú, sem hjer er um að ræða, verði tekin til greina.

Út af þessu læt jeg ekki hjá líða, að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að jeg fellst hjer með á þessa tillögu yðar.

Auglýsing

um póstmál.

19

27. febr.

Með byrjun 5. ferðar landpóstanna þetta ár, komast á nýbreytingar þær, er hjer skulu greindar:

1. Aukapóstferð frá Akureyri um Svalbarðsströnd út í Höfðahverfi að Grýtubakka (Grenivík) og brjefhirðing þar.
2. Aukapóstferð frá Eskifirði um Kolfreyjustað að Stöð í Stöðvarfirði og brjefhirðingarstaðir settir á Kolfreyjustað og Stöð.
3. Aukapóstferð frá Hjarðarholti í Dölum út Fellsströnd um Staðarfell og inn Skarðsströnd um Skarð, alla leið að Márskeldu. Aukapóstur þessi snýr aptur stytstu leið að Hjarðarholti. Á Staðarfelli og Skarði verða settar brjefhirðingar.
4. Aukapóstferð frá Sveinsstöðum um Vesturhópshóla að Tjörn á Vatnsnesi og brjefhirðing þar.
5. Póstafræðsla sett á Vopnafirði í stað brjefhirðingarinnar þar.
6. Brjefhirðingin á Mýrum í Vestur-Skaptafellssýslu flutt að Rofabæ í sömu sýslu.

Þetta kunngjöríst hjer með almennungi.

Reykjavík 27. febrúar 1888.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Jenson.

19
25. febr.

Verðlagsskrá

sem gildir fyrir

Barðastrandasýslu

frá miðju maímánaðar 1888 til sama tíma 1889.

		I peningum		Hundrað á		Alin.	
		Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Aur.	
<i>A. Friður peningur.</i>							
1.	1 hndr.	1 kúr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fardögum á	105	81	105	81	88
2.	—	6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fardögum hver á	13	16	78	96	66
3.	—	6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti	17	41	104	46	87
4.	—	8 — tvævetrir	13	49	107	92	90
5.	—	12 — veturgamlir	10	09	121	08	101
6.	—	8 ær geldar	12	95	103	60	86
7.	—	10 — mylkar	9	03	90	30	75
8.	—	1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fardögum á	51	32	51	32	43
9.	—	1½ hryssu, á sama aldri hver -	43	50	58	»	48
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>							
10.	1 hndr.	120 pd. af hvíttri ullu, vel þveginni, pundið á	»	61	73	20	61
11.	—	120 — af mislitri ullu, vel þveginni, — -	»	44	52	80	44
12.	—	120 — af smjöri, vel verkuðu,	»	65	78	»	65
13.	—	120 — af tólg, vel bræddri,	»	47	56	40	47
<i>C. Tóvara af ullu.</i>							
14.	1 hndr.	30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði pundið á	»	»	»	»	»
15.	—	60 pör eingirnissokka parið -	»	60	36	»	30
16.	—	30 — tvíbands-gjaldsokka	1	07	32	10	27
17.	—	180 — sjóvetlinga	»	28	50	40	42
18.	—	20 eingirnispeisur hver -	3	59	71	80	60
19.	—	15 tvíbands-gjaldpeisur	5	07	76	05	63
20.	—	120 álnirgjaldvoðarvaðmáls, álnar breiðs, 1 alin -	1	35	162	»	135
21.	—	120 — einskeptu, 1 al. til 5 kv. breiðrar - — -	1	02	122	40	102
<i>D. Fiskur.</i>							
22.	1 hndr.	6 vættir af saltfiski, vel verkuðum, vættin á	9	66	57	96	48
23.	—	6 — — harðfiski — — — -	12	67	76	02	63
24.	—	6 — — þyrsklingi — — — -	10	77	64	62	54
25.	—	6 — — ýsu, hertri	10	07	60	42	50
26.	—	6 — — hákarli, hertum	11	24	67	44	56
<i>E. Lýsi.</i>							
27.	1 hndr.	1 tunna (120 pt.) hvallýsis 8 pottar á	2	75	41	25	34
28.	—	1 — — — hákarllýsis	2	31	34	65	29
29.	—	1 — — — sellýsis	1	85	27	75	23
30.	—	1 — — — þorskalýsis	1	80	27	»	23
<i>F. Skinnavara.</i>							
31.	1 hndr.	4 fjórðungar nautskinnns 10 pund á	13	46	53	84	45
32.	—	6 — — kúrskinnns	11	96	71	76	60
33.	—	6 — — hross-skinns	10	85	65	16	54
34.	—	8 — — sauðskinnns, af tvævetrum og eidri	7	90	63	20	53

			Í peningum		Hundrað á		Alin.	19 25. febr.
			Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Aur.	
35.	1 hndr.	12 fjórðungar sauðskinnis, af veturgömlum og ám 10 pund á	6	47	77	64	65	
36.	—	6 — selskinns — — —	11	29	67	74	56	
37.	—	240 lambskinn (vorlamba), einlit hvert á	»	23	55	20	46	
<i>G. Ýmislegt.</i>								
38.	1 hndr.	6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum, pundið á	15	85	95	10	79	
39.	—	40 — — — óhreinsuðum — — —	»	»	»	»	»	
40.	—	120 — — fuglafiðri 10 pund —	6	42	77	04	64	
41.	—	480 — — fjallagrösom — — —	2	16	103	68	86	
42.	5 álnir	1 dagsverk um heyannir	2	10	50	40	42	
43.	—	1 lambsfóður	4	69	112	56	94	

Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður :

<i>Eptir</i>	<i>A. eða í friðu</i>	91	27	76
—	<i>B. — í ulla, smjöri og tólg</i>	65	10	54
—	<i>C. — í ullar-tövoru</i>	78	68	65
—	<i>D. — í fiski</i>	65	29	54
—	<i>E. — í lýsi</i>	32	66	27
—	<i>F. — í skinna-vöru</i>	64	93	54
En meðalverð allra landaura samantalið		397	93	330

og skipt með 6, sýnir :

meðalverð allra meðalverða 66 32 55

Reykjavík 25. dag febrúarmán. 1888.

E. Th. Jonassen. P. Pjetursson.

Verðlagsskrá

sem gildir fyrir

Austur-Skaptafellssýslu

frá miðju maímánaðar 1888 til sama tíma 1889.

20
25. febr.

			Í peningum		Hundrað á		Alin.
			Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Aur.
<i>A. Friður peningur.</i>							
1.	1. hndr.	1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fardögum á	77	36	77	36	64
2.	—	6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fardögum hver á	9	91	59	46	50
3.	—	6 sauðir, 3 til 5 vetra á hausti	10	95	65	70	55
4.	—	8 — tvævetrir	8	51	68	08	57
5.	—	12 — veturgamlir	6	28	75	36	63
6.	—	8 ær geldar	8	13	65	04	54
7.	—	10 — mylkar	5	63	56	30	47
8.	—	1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fardögum á	50	25	50	25	42
9.	—	1 $\frac{1}{3}$ hryssu, á sama aldri hver —	36	88	49	17	41
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>							
10.	1 hndr.	120 pd. af hvítri ulla, vel þveginni, pundið á	»	57	68	40	57
11.	—	120 — — mislitri ulla, vel þveginni, — — —	»	44	52	80	44
12.	—	120 — — smjöri, vel verkuðu,	»	52	62	40	52
13.	—	120 — — tólg, vel bræddri	»	21	25	20	21